



8. fundur stjórnar Aftureldingar 5. september 2012

Fundur settur kl. 18:23 að Varmá.

Mætt: Anna Sigríður Guðnadóttir, Ásmundur Pálsson, Guðjón Helgason, Hekla Klemenzdóttir, Helga Jóhannesdóttir og Kristín Reynisdóttir. Gylfi Gíslason boðaði forföll.

Jóhann Már Helgason framkvæmdastjóri sat fundinn. Halldór Skarphéðinsson íþróttastjóri sat fundinn undir liðum 1-4.

Dagskrá:

1. Kynning á íþróttastjóra
2. Húsnæðismál – skrifstofan-nýja húsið - opnunartími
3. Upplýsingavefur UMFA
4. Frístundafjör
5. Staðan á Errea málunum
6. Knattspyrnudeild
7. Fjárhagsleg staða deilda um sl. mánaðamót FRESTAD
8. Fjárhagsleg staða aðalstjórnar FRESTAD
9. Samningaviðræður við Mosfellsbæ FRESTAD
10. Starfið næstu mánuði - fundir o.fl. FRESTAD
11. Önnur mál

1. Íþróttastjóri. Guðjón formaður setti fundinn og bauð íþróttastjórnann, Halldór Skarphéðinsson, velkominn til starfa en hann hóf störf hjá félaginu í júlí.

2. Húsnæðismál. Þann 31. ágúst flutti starfsfólk félagsins inn í nýja skrifstofuaðstöðu á annarri hæð íþróttamiðstöðvarinnar. Um gjörbyltingu í starfsaðstöðu félagsins er að ræða og starfsmenn hafa loks fengið vinnuaðstöðu við hæfi. Starfsmenn lýsa mikilli ánægju með þessa nýju aðstöðu. Framkvæmdastjóri UMSK, Valdimar Gunnarsson, var aðalstjórn innan handar við að útvega húsgögn á skrifstofuna og í nýja gáminn við fótboltavöllinn og fékk notuð húsgögn frá Landsbankanum og Mílu. Aðalstjórn þakkar Valdimar fyrir aðstoðina og fyrirtækjunum tveimur fyrir húsgögnin.

Skrifstofan verður opin frá klukkan 9 til 17 mánudaga, þriðjudaga og fimmtudaga. Á miðvikudögum verður opið klukkustund lengur eða til kl. 18 en á föstudögum klukkustund skemur eða til kl. 16. Símatími framkvæmdastjóra og íþróttastjóra er kl. 13-16.

Umræða varð um stöðu mála varðandi nýbygginguna. Nýjustu upplýsingar frá bæjaryfirvöldum eru þær að einhverjar tafir séu á framkvæmdum vegna útboðsmála. Gert er ráð fyrir að húsið verði tilbúið til notkunar haustið 2013. Formaður og framkvæmdastjóri munu funda með formönnum þeirra þriggja deilda sem munu hafa hvað mest not af húsinu og fara yfir stöðu mála.

3. Upplýsingavefur. Ritari fór yfir stöðu mála varðandi vef félagsins. Eins og rætt hafði verið áður í stjórn félagsins var áætlað að íþróttastjóri tæki við yfirumsjón vefsins og er hann þegar byrjaður að setja sig inn í vinnulagið. Ritari lagði til að gerður yrði samningur um viðhaldsþjónustu/tækniþjónustu vegna vefsins þar sem ófært væri að treysta bara á sjálfboðavinnu þegar eitthvað bæri út af í kerfinu. Aðalstjórn samþykkti að

framkvæmdastjóri og íþróttastjóri ræddu við aðilann sem vann að uppsetningu kerfisins um þjónustu/viðhaldssamning. Aðalstjórn þakkar ritara fyrir störf við umsjón og viðhald vefsins.

4. Frístundafjör. Íþróttastjóri sagði frá fundi með starfsmönnum frístundafjörs og starfsfólki frístundaselja sem haldinn var áður en starfið hófst. Enn vantar tvo starfsmenn. Rætt um skipulag starfsins og ábyrgð á því.

5. Errea . Framkvæmdastjóri fór yfir stöðuna. Þjónustufyrirkomulagið sem virkar þannig að allar pantanir fara í gegnum framkvæmdastjóra hefur í stærstum dráttum gengið vel. Framkvæmdastjóra falið að fara yfir hvaða vörur félagið á eftir að taka út samkvæmt samningi við fyrirtækið og leggja fyrir næsta stjórnarfund.

6. Knattspyrnudeild. Formaður sagði frá fundahöldum og samskiptum sumarsins við BUR knattspyrnu vegna fjárhagsstöðu deildarinnar.

7. Önnur mál. Engin

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 20:20. Næsti reglulegi fundur verður haldinn 19. september.

Fundargerð ritaði Anna Sigríður Guðnadóttir, ritari aðalstjórnar.